



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
postur@anr.is

Reykjavík, 12. september 2018


Efni: Umsögn um drög að Hönnunarstefnu 2019-2027, mál nr. S-83/2018

Vel heppnuð hönnun getur skapað mikil verðmæti og samkeppnisforskot fyrir Ísland. Eitt af meginmarkmiðum hönnunarstefnu og innleiðingar hennar ætti að vera að hönnun sem iðnaður skjóti rótum hér á landi. Með markvissum aðgerðum má stuðla að því að íslensk framleiðsla verði útflutningsvara og veiti fyrirtækjum og stofnunum samkeppnisforskot á alþjóðlegum vettvangi.

Atvinnulífið átti ekki aðkomu að mótun og innleiðingu hönnunarstefnu stjórnvalda fyrir árin 2014-2018 og því fagna Samtök iðnaðarins aðkomu að mótun stefnu fyrir árin 2019-2027. Innleiðing hinnar nýju stefnu verður, samkvæmt tillögum, á ábyrgð stýrihóps atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem leiðir vinnuna og lagt er til að Hönnunarmiðstöð verði stjórnvöldum til ráðgjafar við innleiðingu á stefnunni og taki að sér tiltekin verkefni á því sviði. Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að atvinnulífið hafi aðkomu að eftirfylgni stefnunnar en það er nauðsynlegt að líta til sjónarmiða atvinnulífs eigi markmið um að auka verðmætasköpun með hönnun að ná fram að ganga.

Sérkenni íslenskrar hönnunar

Eitt af meginmarkmiðum Hönnunarstefnu 2019-2027 er að sérstaða og gæði íslenskrar hönnunar séu þekkt, eftirsótt og bæti orðspor Íslands. Fyrsta skrefið á þeirri vegferð ætti að vera að draga fram sérkenni íslenskrar hönnunar og líta til þess hvernig unnt er að skapa sérstöðu með hönnun með því að horfa til menningar landsins og þeirra hráefna sem hér er að finna. Einnig ætti að útvíkka hugtakið hönnun í samhengi við Hönnunarstefnu með þeim hætti að ná einnig utan um íslenska framleiðslu. Þá er mikilvægt að hafa í huga við mótun og framfylgd stefnunnar að hönnun verður til með samtali og samspili þriggja aðila:



Eftirspurn eftir íslenskri hönnun

Vel hefur tekist til við eflingu á framboðshlið í virðisheðju íslenskrar hönnunar og við markaðs- og kynningarstarf hér á landi á undanförunum árum. Minna hefur hins farið fyrir markaðssetningu á íslenskri hönnun og framleiðslu á erlendum vettvangi. Eigi markmið um aukna verðmætasköpun að nást þarf að komast ofar í virðisheðjuna og markaðssetja íslenska hönnun og framleiðslu ekki síst út frá því hvernig hún birtist í vöruhönnun íslenskra fyrirtækja, framleiðslu og sköpun ímyndar. Styrkja þarf eftirspurn eftir íslenskri hönnun og framleiðslu með því að huga að notandanum en ekki einungis hönnuðinum sjálfum og þarf vitundarvakning einnig að snúa að íslenskri framleiðslu. Fylgja þarf stefnumótun markvisst eftir og þarf íslenska ríkið og stjórnvöld að ganga fram með góðu fordæmi, en eitt dæmi um slíkt er val ríkisins á íslenskri hönnun, t.d. við kaup á aðföngum, húsgögnum og öðrum vörum og þjónustu. Þannig mætti hönnunarstefna til að mynda endurspeglast í innkaupastefnu ríkisins.

Virðingarfyllst,



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI